

Orkustofnun  
 Jónas Ketilsson,  
 verkefnastjóri - jarðhitanyting  
 Grensásvegi 9  
 108 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2014  
 2013120011/42-0  
 KJ, SE, TB  
 jgo/tb

## Nýtingarleyfi á jarðhita á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 10. desember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar þar sem sótt er um leyfi til nýtingar á jarðhita á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Náttúrufræðistofnun bendir á að teikningar 1, 2 og 3 í 13. kafla greinargerðar Landsvirkjunar vantaði í fylgigögn með umsókninni. Í umsókn Landsvirkjunar kemur eftirfarandi fram: „Sótt er um nýtingarleyfi til 60 ára. Landsvirkjun gerir ráð fyrir sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Gefi viðbrögð svæðisins til kynna að auka megi nýtingu verður sótt um leyfi til frekari nýtingar.“

### Umsögn

#### **Sjálfbær nýting**

Í töflu 2 á bls. 8 í greinargerð Landsvirkjunar eru „*niðurstöður rúmmáls mats sýndar með tölfraðilegum stærðum fyrir líkindadreifinguna fyrir rafafli úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára*“ . Þessi framsetning er villandi þegar horft er til sjálfbærrar nýtingar en í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram að lagt hafi verið til „*að sjálfbær nýting jarðhitakerfa sé skilgreind sem vinnsla sem hægt er að viðhalda í mjög langan tíma, eða 100 – 300 ár*“. **Í töfluna vantar því tilfinnanlega upplýsingar um nýtingu til 300 ára en þá yrði rafaflið á bilinu 19-62 MW (90% öryggisbil) og 90 % líkur á að rafaflið verði meira en 24 MW.** Þessar tölur eru ekki jafn uppörvandi, út frá nýtingarsjónarmiði, til samanburðar við að einungis sé horft til skemmri tíma en 100 ára. Í samræmi við framangreinda skilgreiningu um sjálfbæra nýtingu er eðlilegt að áform Landsvirkjunar um nýtingu svæðisins, m.a. sem fyrirtækis í þjóðareign, taki mið af vinnslu í mjög langan tíma (vart skemur en 100-300 ár miðað við skilgreiningu í greinargerð) þó nú sé einungis sótt um nýtingarleyfi til 60 ára. Í þessu sambandi er rétt að benda á að áform Landsvirkjunar gera ráð fyrir frekari nýtingu beri svæðið það.

#### **Rask**

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að oft hefur umgengni virkjunaraðila á háhitasvæðum verið verulega ábótavant og oft hægt að framkvæma hlutina á umhverfissvænni hátt en gert hefur verið. Það sama á við um m.a. um undirbúningsrannsóknir á Þeistareykjum og má þar



t.d. benda á efnistöku. Mikilvægt er að settar verði fram skýrar kröfur um vönduð vinnubrögð við allar framkvæmdir þar sem raski verður haldið í algeru lágmarki. Þó svo að svæðið sé að hluta iðnaðarsvæði þá er fyllsta ástæða til að taka m.a. fullt tillit til 37. gr. laga um náttúruvernd.

### ***Áfangaskipting***


Náttúrufræðistofnun fagnar áformum Landsvirkjunar um að hefja nýtingu með einum 45 MW áfanga í stað þeirra vinnubragða sem viðhöfð hafa verið annarsstaðar s.s. við Hellsheiðarvirkjun og Reykjanesvirkjun með afleiðingum sem ekki sér fyrir endann á.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við framangreinda umsókn.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

